



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 18/2014

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Samkaupa hf. rekstraraðila Nettó  
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Starfsmaður Neytendastofu kom í verslanir Nettó í Mjódd 14. júní 2013 og á Selfossi þann 8. júlí 2013, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga í verslununum. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum skal verðmerking vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru hún vísar. Skoðunin fer þannig fram að starfsmaður kannar almennt ástand verðmerkinga í versluninni, þ.e. hvort vörur séu verðmerktar, auk þess sem ástand verðmerkingarskanna er skoðað. Þá eru valdar af handahófi 50 vörur og athugað hvort þær séu verðmerktar og hvort hilluverðmerking samræmist við verð á kassa. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að í Nettó í Mjódd var gerð athugasemd við sjö vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkta standa. Í Nettó á Selfossi var gerð athugasemd við 11 vörur af þeim 50 vörum sem skoðaðar voru sérstaklega.

Stafsmenn verslananna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeirra athugasemda sem gerðar voru. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í verslununum þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfum Neytendastofu til Samkaupa hf., dags. 27. júní og 11. júlí 2013 greindi stofnunin frá niðurstöðum skoðananna í verslununum og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um



verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

## 2.

Hinn 4. september 2013 var framkvæmd önnur skoðun hjá Nettó á Selfossi sem fór fram með sama hætti og fyrri skoðun. Niðurstöður skoðunarinnar voru þær að gerðar voru athugasemdir við átta vörur auk þess sem athugasemd var gerð við óverðmerkt leikföng. Hjá Nettó í Mjódd var framkvæmd önnur skoðun þann 23. október 2013, niðurstaðan var að athugasemd var gerð við 18 vörur af þeim 50 vörum sem skoðaðar voru. Auk þess sem gerðar voru athugasemdir við óverðmerktar stæður með ólífuolíu, poppkorni, grænum baunum, maís baunum og Mentosi.

Með bréfi Neytendastofu til Samkaupa, dags. 18. september 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðu skoðunarinnar í verslun Nettó á Selfossi auk þess sem gerð var grein fyrir þeim ákvæðum sem gilda um verðmerkingar. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi fyrirtækið ekki hafa gert viðeigandi lagfæringar á ástandi verðmerkinga í versluninni. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Samkaupum þar sem fram kemur að félaginu þyki þetta miður og þetta komi þeim á óvart þar sem brugðist hafi verið við strax í kjölfar fyrri athugasemda stofnunarinnar. Verslunin hafi farið yfir málið og sé búið að fara yfir allar vörur með tilliti til einingarverðs og skerpa á verklagsreglum í miðlægri skráningu á vörum. Því voni félagið að við næstu skoðun verði ástand hillumiða ásættanlegt. Jafnframt sé óskað eftir afriti af skoðunarblaði stofnunarinnar.

Neytendastofa sendi Samkaupum tölvubréf, dags. 20. september, þar sem staðfest var móttaka tölvubréfsins og sent afrit af skoðunarblaði Neytendastofu.

Með bréfi Neytendastofu til Samkaupa, dags. 30. október 2013, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðu skoðunarinnar í verslun Nettó við í Mjódd, auk þess sem gerð var grein fyrir þeim ákvæðum sem gilda um verðmerkingar. Í bréfinu kom fram að með bréfi stofnunarinnar, dags. 18. september 2013, til Samkaupa þar sem fram kom að gerðar hefðu verið athugasemdir við verðmerkingar í verslun Nettó á Selfossi. Þar sem málin séu sama eðlis þá hafi Neytendastofa tekið þá ákvörðun að sameina meðferð málanna. Í bréfinu var gerð grein fyrir niðurstöðum skoðunar stofnunarinnar í verslun Nettó á Selfossi. Í bréfinu kom fram að stofnunin teldi fyrirtækið ekki hafa gert viðeigandi lagfæringar á ástandi verðmerkinga í versluninum. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.



Neytendastofu bárust athugasemdir Samkaupa í bréfi, dags. 8. nóvember 2013. Þar kemur fram að félagið telji ekki koma nægilega skýrt fram hvað felist í sameiningu meðferðar málanna. Felist í henni að horft verði á samanlögð frávík búðanna á rétttri verðmerkingu, þannig að það verði til þess að frekar verði lögð sekt eða að fjárhæð sektar verði mögulega hærri þá sé sameiningunni mótmælt. Bent sé á að hafi sameiningin slík áhrif þá sé um að ræða íþyngjandi áhrif sem þarf að eiga sér stoð í lagaheimild. Ekki verði séð að slík heimild sé fyrir hendi. Telji Neytendastofa ástæðu til að taka ákvörðun í málinu sé farið fram á að áhrif sameiningar málanna verði skýrð og félaginu veitt færi á að koma fram athugasemdum varðandi hana sé hún íþyngjandi.

Brugðist hafi verið við athugasemdum Neytendastofu með því að fara yfir allar vörur með tilliti til einingarverðs og skerpt á verðlagsreglum í miðlægri skráningu á vörum. Sérstökum verklagsreglum sé fylgt varðandi samræmingu hilluverðs og kassaverðs. Þannig skuli fylgja nýrri vöru hillumiði við fyrstu framsetningu í hillu. Þá sé einn aðili ábyrgðaraðili með hillumiðum í verslun og skuli yfirfara hillumiða reglulega. Í minni verslun skuli það gert vikulega en í stærri verslunum sé skipt upp í svæði og þau yfirfarin a.m.k. einu sinni í mánuði.

Rétt sé að líta til þess við mat á sektarfjárhæð að ljóst sé að ásetningur stóð ekki til að villa um fyrir viðskiptavinum heldur hafi verið um mistök að ræða. Það sjáist best á að í mörgum tilvikum þar sem ósamræmi hafi verið á milli verðs á hillu og kassa hafi verðið verið lægra á kassa. Samkaup telji ekki ástæðu til ákvörðunartöku í málinu. Verði slík ákvörðun tekin sé álagningu sektar mótmælt með vísan til framangreinds. Verði sekt lögð á sé farið fram á að litið verði til framangreindra athugasemda við mat á fjárhæð sekta.

## **II. Niðurstaða**

Í máli þessu sinni Samkaup hf., rekstraraðili Nettó, ekki fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslunum sínum á Selfossi og Mjódd í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*



Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. verðmerkingareglanna:

*„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.*

*Skylda til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“*

Það er meginregla í stjórnisýslurétti að mál er varða sama málsaðila og eru tengd innbyrðis séu yfirleitt sameinuð m.a. til hagræðingar fyrir aðila máls. Við mat á því hvort sameina megi mál verður að líta til þess hvort ágreiningsefni og málsatvik séu tengd. Telur Neytendastofa að málsatvik í þessum málum séu tengd og að sameining málanna skerði ekki hagsmuni eða séu íþyngjandi fyrir Samkaup. Sameining málanna er þannig einungis gerð í hagræðingarskygni en ekki í þeim tilgangi að til ítrekunartilviks eða hækkunar stjórnvaldssektar komi.

Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðana á ástandi verðmerkinga í Nettó í Mjódd að gerðar voru athugasemdir við 18 vörur af þeim þeim 50 sem skoðaðar voru. Auk þess sem athugasemdir voru gerðar við stæður með ólífú olíu, poppkorni, grænum baunum, maís baunum, og Mentosi. Hjá Nettó á Selfossi voru gerðar athugasemdir við átta vörur af þeim 50 sem skoðaðar voru auk þess sem athugasemdir voru gerðar við óverðmerkt leikföng. Slíkt telur Neytendastofa óviðunandi og brjóta gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og verðmerkingareglna. Eftir fyrri skoðun Neytendastofu hjá Nettó í Mjódd og Nettó á Selfossi var þeim fyrirmælum beint til Samkaupa að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Það var ekki gert og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:



*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga. Að teknu tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Samkaup hf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 350.000 kr. fyrir hvora verslun. Samkaup er því gert að greiða 700.000 kr. (sjöhundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III. Ákvörðunarorð:

„Samkaup hf., Krossmóa 4, Reykjanesbæ hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum Nettó í Mjódd og á Selfossi. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Samkaup hf. að fjárhæð kr. 700.000 (sjöhundruðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 2. apríl 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir